

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Garðabær, 16.12.2022  
Málsnúmer: 202211-0031  
IAS

**Efni: Umsögn um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn.**

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 17. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldu vegna fyrirhugaðrar byggingar mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn sem fylgdu tilkynningunni og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Fyrirhugað er að reisa verksmiðjuna á sandorpnu og að einhverju leyti röskuðu hrauni. Ekki er líklegt að friðlýstar plöntur finnist á svæðinu og þar eru vistgerðir með miðlungs- til lágt verndargildi. Ekki eru líkur á að mikilvæg búsvæði fugla raskist og lóðin er ekki innan skilgreindra mikilvægra fuglsvæða.

Fram kemur að fyrirhugað hráefni á að koma úr námum í Litla-Sandfelli og Lambafelli og að einnig sé til skoðunar að efni frá námum í sjó komi til hafnar í Þorlákshöfn. Frekar lítið er gert úr þeirri miklu umferð sem verður vegna hráefnisflutninga til verksmiðjunnar. Gert er ráð fyrir að efnisflutningar fari um vegakerfið en að einnig sé verið að skoða útfærslur á því að aðgreina flutningsleiðir frá námustað að verksmiðju.

Orkuþörf verksmiðjunnar er 42-84 MW og er óljóst með orkuöflun. Núverandi flutningslínur anna ekki því afli sem verksmiðjan þarf en samtal er hafið við Landsnet um orku.

Reist verður flokkunarstöð (8 600 m<sup>2</sup>) þar sem fram fer flokkun og aðgreining efnis. Ekki kemur fram hvort að eitthvað ónýtanlegt efni flokkist frá, og ef svo verður, hvað verði þá gert við það efni.

Verksmiðjan verður mjög áberandi í landslaginu, stærstu byggingarnar verða 20-30 m háar og a.m.k. þrjár byggingar verða allt að 40-60 m háar en í dag eru hæstu byggingar í Þorlákshöfn 13-16 m háar. Tölvugerðar myndir í Viðauka A gera ekki nægilega grein fyrir áýndaráhrifum verksmiðjunnar og væri æskilegt að fá fleiri sjónarhorn á verksmiðjuna, m.a. frá þeim hverfum sem næst eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í stuttu máli er um að ræða mikla framkvæmd sem mun hafa mikil áhrif á bæjarbrag Þorlákshafnar. Stór áberandi verksmiðja verður reist við bæjarmörkin, áætlað er að hún verði í gangi allan sólarhringinn með tilheyrandi hávaða og mikill umferð vörubíla með efni til mölunar.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að rétt sé að Mölunarverksmiðjan fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,  
Ingvar Atli Sigurðsson,  
jarðfræðingur

